

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 106 95. ár

Mánudaginn 30. september 2002

Stefna

Kristinn Jón Jónsson, kt. 251234-4429,
Brautarholti 13, 400 Ísafirði

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða eignar-
dómsmál fyrir héraðsdómi Vestfjarða.

Málflutningsumboð: Kjartan Reynir Ólafsson
hæstaréttarlögmaður, rekur mál þetta fyrir hönd
stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að honum
verði dæmdur eignarréttur að jörðinni Vonar-
landi, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu, áður
Nauteyrarhreppi í N-Ísafjarðarsýslu, allt að 12
hektara að stærð ásamt beitolandi og öllu því sem
þeirri fasteign fylgir og fylgja ber, að engu
undanskildu.

Málavextir og önnur atvik: Jörðin Vonarland
er nýbýli, sem nú er í eyði, upphaflega úr landi
Melgraseyrar, Nauteyrarhreppi í N-Ísafjarðar-
sýslu. Á jörðinni eru 7 hektarar ræktaðs lands,
auk úthaga. Henni fylgir fjós, hlaða, haughús og
safnþró, sem er 65,8 fermetrar, byggt 1935.
Fjárhús ásamt hlöðu, sem voru á jörðinni hafa nú
verið jöfnuð við jörðu. Loks er íbúðarhús
(sumarhús) 69 fermetrar, byggt 1935. Jafnframt
fylgja jörðinni veiðiréttindi í Selá.

Hjá Fasteignamati ríkisins hefur eignin fasta-
númer 212-7698 og 212-7700, en landnúmer
141644.

Hinn 20. febrúar 1936 handritaði Jón H. Fjall-
dal, eigandi Melgraseyrar, bréf til Steingríms
Steinþórssonar búnaðarmálastjóra, sem er fyrir-
greiðslubeiðni fyrir Jens Kristjánsson vegna
uppbyggingar hans á nýbýlinu Vonarlandi.

Sama dag handritar hann fyrir Jens Kristjáns-
son eftirfarandi:

„Ég undirritaður sem byggði nýbýlið Vonar-
land í Nauteyrarhr. síðastl. sumar fer þess á leit
við háttvirta nýbýlanefnd að hún láti mig verða
aðnjótandi láns og styrks samkvæmt hinni nýju
nýbýlaloggjöf.“

Hinn 20. apríl 1936 var gert landsleigubréf á
milli Jóns H. Fjalldal og Jens Kristjánssonar,
svohljóðandi:

„Ég Jón H. Fjalldal, Melgraseyri, kunngjöri,
að ég með bréfi þessu leigi og læt á erfðafestu til
handa Jens Kristjánssyni land af eignarjörð
minni Melgraseyri, til nýbýlaræktunar.

Nýbýlið heitir Vonarland og skal ræktanlegt
land vera 5 ha að stærð.

Hið leigða land hefir Jens Kristjánsson til
lífstíðarábúðar og á erfðafestu, enda séu girðing-
ar, byggingar og önnur mannvirki er hann gjörir
þar hans eign.

Í högum heimajarðarinnar má Jens hafa
óskipt beitoland með ábúanda Melgraseyrar fyrir
þann búpening er hið ræktaða land á Vonarlandi
ber, enda sé búpeningurinn hans eign. Sama
gildir með afréttarland.

Garðstæði til kartöfluræktar fylgir Vonarlandi
á oddanum ca. 200 fm að stærð og sama landstærð
til gulrófnaræktar í Fellinu, hvorttveggja eftir
tilvísun landeigandans á Melgraseyri.

Tilkynning

um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

Vextir alls á ári f.o.m. 1. október 2002	
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum	
1. Grunnur dráttarvaxta ¹⁾	8,8%
2. Vanefndaálag ²⁾	11,7%
3. Dráttarvextir ³⁾	20,5%
II. Almennir vextir	
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	10,5% * (11,5%)
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	7,7%
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵⁾	7,0% * (7,7%)
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt ⁶⁾	
1. Bandaríkjadollurum	5,5%
2. Sterlingspundum	7,5%
3. Dönskum krónum	6,5% * (7,0%)
4. Norskum krónum	10,5%
5. Sænskum krónum	7,0%
6. Svissneskum frönkum	5,5%
7. Japönskum jenum	5,0%
8. Evrum ⁷⁾	6,5%

- 1) Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.
- 2) Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
- 3) Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
- 4) Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hvejrur tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- 5) Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.
- 6) Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
- 7) Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. október 2002, fellur úr gildi tilkynning nr. 8/2002 dags. 21. ágúst 2002 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 23. september 2002.
Seðlabanki Íslands.

Fyrirtækjaskrá

Aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í apríl 2002, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Softa ehf. 7269)	Keflavík	700197-2479	ABE
Café Opera ehf. 7270)	Reykjavík	680296-2439	AC
Ljóshólar ehf. 7271)	Reykjavík	670202-2590	ACDEG
CRM markaðslausnir ehf. 7272)	Reykjavík	660601-2870	CD
Fiskvinnslan Fjöl­nir hf. 7273)	Þingeyri	410999-3239	B
Sticks´n´Sushi á Íslandi ehf. 7274)	Reykjavík	700300-4120	ADEK
Kastalinn ehf. 7275)	Reykjavík	470700-2460	ACDK
Vísir hf. 7276)	Grindavík	701181-0779	BK
Rafbogi ehf. 7277)	Kópavogi	580100-2360	E
Þórshamar ehf. 7278)	Reykjavík	420369-0269	ACD
Molinn ehf. 7279)	Egilsstöðum	470199-3269	ACD
Hreinir bílar ehf. 7280)	Reykjavík	430801-2010	A
Barasta ehf. 7281)	Kópavogi	481096-2519	ACDEHK
Fjölb­lendir ehf., Reykjavík 7282)	Garðabæ	641096-2379	AEG
Stapavík NS-178 ehf. 7283)	Bakkafirði	540302-3320	ACDEG
Menntaheimur ehf. 7284)	Reykjavík	540200-3190	A
Kjörval ehf. 7285)	Reykjavík	650477-0309	J
Kjörval ehf. 7286)	Reykjavík	650477-0309	J
Múlakot 1 Fljótshlíð ehf. 7287)	Reykjavík	570801-3170	B
Brautarholt 8 ehf. 7288)	Reykjavík	480390-1059	F
Fjar­mark ehf. 7289)	Selfossi	670302-3690	A
Eignatorg ehf. 7290)	Hafnarfirði	550598-2059	F
Básar ehf., Vestmannaeyjum 7291)	Hafnarfirði	440573-0299	ACD
Eignafélagið Hágöng ehf. 7292)	Húsavík	690797-2089	H
Nóatún 17 ehf. 7293)	Reykjavík	591000-3490	ABCD
Árbæjarmarkaðurinn ehf. 7294)	Reykjavík	551173-0119	B
Norðurver ehf. 7295)	Reykjavík	460172-2339	B
Thorarensen lyf ehf. 7296)	Reykjavík	620269-6119	ACDE
Sigurboginn ehf. 7297)	Reykjavík	640292-2379	AD

Fyrstu 15 árin frá 1927 að telja hefir Jens landið leigufrítt.

En að þeim tíma liðnum greiðir hann árlega I á loðna og lemða í fardögum til eiganda Mel-graseyrar.

Hagagirðingar þær sem nú eru á Melgraseyri til vörslu sauðfjár og stórgripa og sem kunna að verða byggðar í sama augnamiði, ber ábúanda Vonarlands að endurbæta, og viðhalda, í hlut-falli við búfjáreign sína í heimahögum.

Öll lögboðin gjöld og skatta greiðir Jens af nýbýlinu.

Að öðru leyti fer samningur þessi eftir gildandi nýbýlalöggjöf hvers tíma.

Tvö samhljóða frumrit eru af samningi þessum og heldur sinn aðili hvoru.

Melgraseyri, 20. apríl 1936.“

Lánsumsókn til Nýbýlastjóranr ríkisins, vegna Vonarlands, er rituð af Jóni H. Fjalldal, 17. maí 1936, en undirrituð af Jens Kristjáns-syni, sem lántakanda. Þar kemur fram að lánið skuli tryggt með veði í landi, húsum og öðrum mannvirkjum, er nýbýlinu fylgja.

Með bréfi Steingríms Steinþórssonar, nýbýla-stjóra, til Jens Kristjánssonar, dags. 30. maí 1936, er styrk- og lánsbeiðninni hafnað og þar segir m.a.: „Við umsóknina er það að athuga að land nýbýlisins er of lítið, það má ekki vera minna en 10 ha af ræktanlegu landi og beitiland að auki. Ef þér fáið leiðréttingu á þessu, þá er sennilegt að umsókn yðar verði sinnt að einhverju leyti á þessu ári, þannig að yður verði veittur einhver hluti af umbeðnu láni.“

Jón H. Fjalldal svarar spurningum Nýbýla-stjórnar hinn 16. september 1936, á eyðublaði nr. 2, með eigin hendi, vegna umsóknar Jens Kristjánssonar um framlög úr Nýbýlasjóði ríkisins til nýbýlastofnunar. Undir töluliði nr. 6. Hvað er landið stórt? Því svarar Jón: „landstærð er nú ákveðin allt að 12 ha.“

Jens undirritar síðan eyðublaðið, að Vonar-landi, 16. september 1936.

Samningur um stofnun nýbýlis, að Vonar-landi, milli Steingríms Steinþórssonar, nýbýla-stjóra, f.h. Nýbýlastjórnar ríkisins og Pálma Einarssonar f.h. Jens Kristjánssonar, eftir umboði, var síðan gerður 17. september 1936.

Í skýrslu til Nýbýlastjórnar ríkisins, vegna stofnkostnaðar Vonarlands, árið 1935, sem rituð er af Jóni H. Fjalldal en undirrituð af Jens Kristjánssyni, 5. ágúst 1937, sem eiganda og ábúanda, kemur fram að land sé 10 ha, sem sé að mestu valllendi, smáþýfi, og að nokkru leir-kenndur melur.

Jens Kristjánsson fékk lán hjá Nýbýlasjóði og til tryggingar því, veðsetti hann nefnda jörð (nýbýlið) Vonarland, samkv. veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 2.500 útgefnu 17. desember 1940, af Pálma Einarssyni -eftir umboði-, sem þinglýst var 26. apríl 1941. Veðskuldabréf þetta var kvittað og afhent til aflýsingar 14. september 1944 og það afmáð úr veðmálabókum Ísa-fjarðarsýslu hinn 12. október 1944.

Hinn 10. mars 1941 var gefið út leyfisbréf í menntamálaráðuneytinu handa Jens Kristjáns-syni til að nefna býli sitt í landi Melgraseyrar í Nauteyrarhreppi í N-Ísafjarðarsýslu, Vonarland.

Hinn 31. júlí 1955 selur Jón H. Fjalldal eignarhluta sinn í Melgraseyri, eða 10/16 hluta til Guðmundar Magnússonar bónda, Hamri, fyrir kr. 187.500 samkvæmt afsali sama dag, sem móttekið var til þinglýsingar 30. september 1955, með athugasemd: „Selt hefir verið á erfðafestu 5 ha land („Vonarland“) skv. bréfi.“ Afsalið var lesið á manntalsþingi að Arngerðar-eyri 19. júní 1956.

Í minningargrein Jóns H. Fjalldal, um Jens Kristjánsson, sem birtist í dagblaðinu Tímanum, föstudaginn 26. maí 1967, segir m.a.: „Árið

1935 verða þáttaskil í lífi Jens. Hann hverfur frá mér og stofnar nýbýlið Vonarland. Ég gaf honum 10 ha land til stofnunar nýbýlis úr Melgraseyrarlandi, og samkvæmt gjafabréfi skyldi beiti-land og afrétt vera sameiginlegt.....“

Gjafabréfi Jóns H. Fjalldal til Jens Kristjánssonar var ekki þinglýst og ekki vitað hvar það er niður komið. Jens greiddi aldrei afgangd skv. erfðafestusamningnum frá 20. apríl 1936 og þess hefur aldrei verið krafist, hvorki af Jóni H. Fjalldal, þá er hann var eigandi Melgraseyrar, né nokkrum þeim sem leitt hefur rétt sinn til Melgraseyrar frá honum.

Hinn 27. október 1971 er þinglýst yfirlýsingu skiptaráðandans í Ísafjarðarsýslu, dagsettri sama dag, þar sem segir: „Við einkaskipti 17. apríl 1970 í db. Jens Kristjánssonar, Vonarlandi, varð fasteign búsins, Vonarland, Nauteyrahreppi, eign Kristins Jóns Jónssonar....“

Hinn 18. febrúar 1979 er gefin út yfirlýsing af börnum Jóns H. Fjalldal, þeim Þorgerði Fjalldal og Halldóri Fjalldal, þar sem kemur fram að þeim sé um það kunnugt að jörðin Vonarland, Nauteyrahreppi, hafi verið eign Jens Kristjánssonar. Yfirlýsingu þessari var þinglýst 26. júní 1979.

Samkvæmt afsali útgefnu 21. febrúar 1988 afsala þau Guðmundur Magnússon, kt. 271027-4199, Sigríður Skúladóttir, kt. 010710-7749 og Þorgerður Jónsdóttir Fjalldal, kt. 150513-2519, jörðinni Melgraseyri, Nauteyrahreppi, N-Ísafjarðarsýslu, til landbúnaðarráðherra, f.h. Jarðasjóðs ríkisins og segir þar m.a.:

„Við söluna undanskilja seljendur matshluta nr. 03, fjárhús, steinsteypt, með kjallara, byggð árið 1966, virt til fasteignamats 1987 á kr. 315.000. Undanskilið sölnunni er einnig eyðibýlið Vonarland, upphaflega byggt úr landi Melgraseyrar.“

Afsalið var móttekið til þinglýsingar 24. mars 1988 og innfært í þinglýsingarbók 28. apríl 1988 með eftirfarandi athugasemd:

„Sigríður Skúladóttir situr í óskiptu búi eftir Halldór Fjalldal sem var eigandi Melgraseyrar að 3/16 hlutum.“

Samkvæmt afsali útgefnu 28. ágúst 2001, afsalar landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins jörðinni Melgraseyri, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu (áður Nauteyrahreppi, N-Ísafjarðarsýslu) til Snævars Guðmundssonar, kt. 030756-2589, og segir þar m.a.: „Eyðibýlið Vonarland, sem og matshluti nr. 03, fjárhús, eru undanskilin sölu þessari sbr. afsal dags. 21. febrúar 1988 þar sem Guðmundur Magnússon, Sigríður Skúladóttir og Þorgerður Jónsdóttir Fjalldal afsöluðu landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins, jörðinni Melgraseyri.“

Afsal þetta var móttekið til þinglýsingar 24. september 2001 og innfært í þinglýsingarbók 26. september 2001 með eftirfarandi: Ath.semð v/þingl. „Enga þingl. eignaskiptayfirlýsingu né landamerkjálýsingu er að finna milli Melgraseyrar og Vonarlands.

Yfirlýsing Kristins Jóns Jónssonar um ágreining um landamerki milli Vonarlands og Melgraseyrar, dags. 18.09.01 var þingl. 19.09.01 sem skjal merkt 188/2001. Hólmavík, 26.09.2001.“

Samkvæmt yfirlýsingu Jóns H. Fjalldal í minningargrein hans, sem hann ritar í dagblaðinu Tímanum, föstudaginn 26. maí 1967, um Jens Kristjánsson, bónda að Vonarlandi, hefur Jens verið eigandi jarðarinnar Vonarlands frá 1935, ásamt þeim mannvirkjum sem hann reisti á landinu.

Jens Kristjánsson var frá 17. maí 1940 talinn eigandi jarðarinnar Vonarlands í fasteignamati og hann greiddi öll lögboðin gjöld af eigninni og nýtti að öllu leyti, þar til hann féll frá 3. maí

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Pétur KE ehf. 7298)	Ólafsvík	470302-5690	ACDEGH
Hótel Reynihlíð hf. 7299)	Reykjahlíð	671261-0119	A
Kringlu-konfekt ehf. 7300)	Reykjavík	590701-2030	AC
Negg ehf. 7301)	Reykjavík	610700-2170	ABCG
Eignarhaldsfélagið Markís ehf. 7302)	Mosfellsbæ	611298-5799	AD
Daníel Pétursson ehf., Danco 7303)	Hafnarfirði	490689-2499	CD
Hugarheimur ehf. 7304)	Reykjavík	641000-2560	ACD
Velferðir ehf. 7305)	Kópavogi	600199-2349	ACDEGHK
Novadan ehf. 7306)	Garðabæ	471083-1279	AC
Tölvulistinn ehf. 7307)	Reykjavík	680497-2069	AD
Ingimundur hf. 7308)	Reykjavík	660169-4159	B
Verðbréfaþing Íslands hf. 7309)	Reykjavík	681298-2829	ABCD
Tæknival hf. 7310)	Reykjavík	530276-0239	AB
SAMSTARF váttryggingamiðlun ehf. 7311)	Mosfellsbæ	620598-2599	D
Thermo King á Íslandi ehf. 7312)	Garðabæ	680901-3170	G
Hextækni ehf. 7313)	Akureyri	510800-2140	ABF
Mens Mentis hf. 7314)	Kópavogi	410799-2949	AE
Múlakot ehf. 7315)	Borgarnesi	511198-2169	ACDEK
Myllan-Brauð hf. 7316)	Reykjavík	460963-0289	ABCDE
Vesturland hf., eignarhaldsfélag 7317)	Borgarnesi	611299-3899	A
Íslandsjarl ehf. 7318)	Reykjavík	680295-2049	AEG
Fjárfestingafélag Austurl. hf. 7319)	Reyðarfirði	460499-2249	ACD
Activitet Íslandi ehf. 7320)	Selfossi	660900-2170	EF
Mjólkurbú Flóamanna 7321)	Selfossi	460269-0599	ACDE
GM ráðgjöf ehf. 7322)	Reykjavík	641000-2130	DEFGH
Exorka ehf. 7323)	Húsavík	570401-2890	B
Íslensk fjallagrös hf., Blönduós 7324)	Reykjavík	560793-2199	ABCDFEGHK
Norðurskel ehf. 7325)	Akureyri	600700-2270	ACDEGK
Augljós merking ehf. 7326)	Kópavogi	490196-3079	ACD
NB nýmiðlun ehf. 7327)	Reykjavík	550202-3520	A
GM lögfræðiþjónusta og ráðgj. ehf. 7328)	Kópavogi	690597-2259	ACDEFGH
MT Højgaard Íslandi ehf. 7329)	Reykjavík	570300-3930	BF

Nafn	Bær	Kennitala	Tilk.atríði
Bíldó ehf. 7330)	Hafnarfirði	580101-2750	D
Listsmiðjan Hugur og hönd ehf. 7331)	Akranesi	670898-2299	ABCDEK
Kjörval ehf. 7332)	Reykjavík	650477-0309	J
Kaffibrennsla Ó. Johns/Kaaber hf. 7333)	Reykjavík	510570-1119	J
Samábyrgðin hf. 7334)	Reykjavík	540269-0179	J
A = tilkynning er varðar stjórn			
B = tilkynning er varðar hlutafé			
C = tilkynning er varðar framkvæmdastjórn			
D = tilkynning er varðar prókúrumboð			
E = tilkynning er varðar endurskoðun			
F = tilkynning er varðar nafn			
G = tilkynning er varðar heimilisfang			
H = tilkynning er varðar tilgang			
J = tilkynning um afskráningu			
K = tilkynning er varðar firmaritun			
L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa			
M = tilkynning er varðar útibú			
N = tilkynning er varðar umboð			
O = tilkynning er varðar lausnarskyldu			
P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags			
R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag			
S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag			
Hagstofa Íslands.			

1967, en við erfðafall tók stefnandi við eigninni án þess að nokkur hafi mótmælt lögmæti eignarréttar hans að fasteigninni, þar til bréfaskipti vegna landamerkja milli jarðanna Melgraseyrar og Vonarlands hófust á milli lögmanns hans og lögmanns Snævars Guðmundssonar, í september/október 2001.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um heimild til útgáfu eignardómsstefnu. Um eignarrétt stefnanda vísar hann til meginreglna samningaréttarins um yfirfærslu og stofnun eignarréttinda fyrir bindandi samning og til 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Loks vísar stefnandi til laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, sbr. t.d. 1. og 12. gr., sbr. og eldri lög um mat og skráningu fasteigna, með síðari breytingum.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram máli sínu til sönnunar:

- Stefnu þessa.
- Lögbirtingablað, sem sýnir stefnubirtinguna.
- Handritað bréf Jóns H. Fjalldal til Steingríms Steinþórssonar, dags. 20. febrúar 1936.
- Beiðni um lán og styrkveitingu dags. 20. febrúar 1936.
- Landsleigubréf frá 20. apríl 1936.
- Beiðni Jens Kristjánssonar, til Nýbýla-stjórnar ríkisins, um styrk og lánveitingu til stofnunar nýbýlis, dags. 17. maí 1936 á eyðublaði nr.1.
- Bréf Steingríms Steinþórssonar til til Jens Kristjánssonar, dags. 30. maí 1936.
- Umsókn Jens Kristjánssonar um framlög úr Nýbýlasjóði ríkisins, dags. 16. september 1936 á eyðublaði nr. 2.
- Samning um stofnun nýbýlis, dags. 17. september 1936.
- Skýrslu til Nýbýlastjórnar ríkisins um stofnkostnað nýbýlisins Vonarlands, dags. 5. ágúst 1937. Eyðublað nr. 4.
- Veðskuldabréf útgefið 17. desember 1940.
- Leyfisbr. fyrir nafntöku Vonarlands, dags. 10. mars 1941, samkv. l. nr. 51/1937.
- Kaupsamning og afsal frá Jóni H. Fjalldal til Guðmundar Magnússonar, fyrir 10/16 hl. Melgraseyrar, dags. 31. júlí 1955.
- Minningargrein um Jens Kristjánsson, bónda að Vonarlandi, rituð af Jóni H. Fjalldal og birt í dagblaðinu Tímanum, 26. maí 1967.

- Yfirlýsingu skiptaráðandans í Ísafjarðar-sýslu, dags. 27. október 1971.
- Yfirlýsingu Þorgerðar Fjalldal og Halldórs Fjalldal, dags. 18. febrúar 1979, þá eigenda að hluta í Melgraseyri, um eignarrétt Jens Kristjánssonar á jörðinni Vonarlandi, Nauteyrarhreppi.
- Afsal til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins, vegna Melgraseyrar, dags. 21. febrúar 1988.
- Afsal frá landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins vegna Melgraseyrar, dags. 28. ágúst 2001.
- Matsvottorð frá FMR, dags. 20. ágúst 2002.
- Ljósrit úr Fasteignabók sýslumannsemb. á Hólmavík frá 29. ágúst 2002.
- Kvittun fyrir greiðslu stefnanda á fasteignasköttum v/Vonarlands 1972 og 1973.
- Álagningaseðla fasteignagjalda v/Vonarlands 2001 og 2002.
- Vottorð frá Bændasamtökum Íslands um túnstærð Vonarlands.

Almennur áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, breyta kröfugerð sinni og leiða fram vitni, verði tekið til varna í málinu.

Áskorun og fyrirkall: Stefnist hérmeð hverjum þeim sem kann að telja til réttar yfir nefndri eign, til að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Vestfjarða, í dómsal embættisins, Hafnarstræti 1, Ísafirði, miðvikudaginn 6. nóvember 2002, kl. 10.00 til þess þar og þá að sanna rétt sinn yfir eigninni, þar sem ella má búast við að stefnandi verði dæmdur eigandi hennar.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Ísafirði, 11. september 2002.

Erlingur Sigtryggsson dómstjóri.

(11247

Fyrirtækjaskrá

Nýskráningar

Félagið heitir: Vélaleiga Böðvars ehf.

Kt.: 510302-3110.

Heimili og varnarþing: Lækjarási 3, 210 Garðabæ.

Dagsetning samþykktar er: 1. mars 2002.

Stofnandi: Helena Guðmundsdóttir, kt. 311060-2019, Lækjarási 3, 210 Garðabæ.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. mars 2002:

Stjórnarmaður: Helena Guðmundsdóttir.

Varamaður: Böðvar Sigurðsson, kt. 190958-6049, Lækjarási 3, 210 Garðabæ.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Böðvar Sigurðsson.

Prókúrumboð: Böðvar Sigurðsson og Helena Guðmundsdóttir.

Skoðunarmenn/endurskoðendur: Grant Thornton endurskoðun ehf., kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík og Guðmundur Snorrason, kt. 070258-7579, Tjarnarmýri 33, 170 Seltjarnarnesi.

Hlutafé: 500.000 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verktakastarfsemi, rekstur vinnuvéla og annar skyldur rekstur, rekstur fasteigna og fjármálaumsvif tengd rekstrinum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Nei.

Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6483

Félagið heitir: Felix - útgerð ehf.

Kt.: 510302-3380.

Heimili og varnarþing: Esjubraut 10, 300 Akranesi.

Dagsetning samþykktar er: 23. febrúar 2002.

Stofnendur: Hrönn Theódórsdóttir, kt. 070359-2009, Esjubraut 10, 300 Akranesi og Matthías Harðarson, kt. 140461-3189, s.st.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 23. febrúar 2002:

Formaður stjórnar: Hrönn Theódórsdóttir.

Meðstjórnendur: Matthías Harðarson.

Varastjórn: Arna Björk Árnadóttir, kt. 151078-3709, Seljabraut 36, 109 Reykjavík.

Firmað rita: Tveir stjórnarmenn saman.

Framkvæmdastjórn: Matthías Harðarson.

Prókúrumboð: Hrönn Theódórsdóttir og Matthías Harðarson.

Skoðunarmenn/endurskoðendur: Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, kt. 211068-4699, Reynigrund 47, 300 Akranesi og Skúli Bergmann Garðarsson, kt. 120851-2689, Bjarkargrund 1, 300 Akranesi.

Hlutafé: 941.608 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er smábátaútgerð og fiskverkun og allur skyldur rekstur, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6484

Félagið heitir: Adda ehf.

Kt.: 510302-3460.

Heimili og varnarþing: Sóltúni 7, 105 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 1. mars 2002.

Stofnandi: Þórunn Adda Eggertsdóttir, kt. 041242-2729, Sóltúni 7, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. mars 2002:

Stjórnarmaður: Þórunn Adda Eggertsdóttir.

Varamaður: Bjarni Freyr Bjarnason, kt. 090674-4399, Flúðaseli 76, 109 Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn og prókúrumboð: Þórunn Adda Eggertsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Endurskoðendur ehf., kt. 701291-2129, Þórsgötu 26, 101 Reykjavík.

Hlutafé: 500.000 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6485

Félagið heitir: Tip top ehf.

Kt.: 510302-3540.

Heimili og varnarþing: Heimatúni 1a, 701 Egilsstöðum.

*Dagsetning samþykkt*a er: 27. febrúar 2002.
Stofnandi: Eyrún Heiða Skúladóttir, kt. 160174-4399, Heimatúni 1a, 701 Egilsstöðum.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 27. febrúar 2002:
Stjórnarmaður: Eyrún Heiða Skúladóttir.
Varamaður: Jódís Skúladóttir, kt. 061177-5669, Helgafelli 3, 701 Egilsstöðum.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Eyrún Heiða Skúladóttir.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Deloitte & Touche hf., kt. 521098-2449, Miðvangi 5-7, 700 Egilsstöðum.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er ræstinga- og hreingerningaþjónusta og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6486)

Félagið heitir: **Tré og steypa ehf.**
Kt.: 510302-3620.
Heimili og varnarþing: **Skólavegi 92a, 750 Fáskrúðsfirði.**
*Dagsetning samþykkt*a er: 25. febrúar 2002.
Stofnendur: Pálína Ósk Bragadóttir, kt. 040450-3949, Skólavegi 92a, 750 Fáskrúðsfirði og Þorsteinn Bjarnason, kt. 040648-7399, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 25. febrúar 2002:
Formaður stjórnar: Pálína Ósk Bragadóttir.
Meðstjórnendur: Þorsteinn Bjarnason.
Varastjórn: Jóhanna Þorsteinsdóttir, kt. 210370-5369, Túngötu 3, 750 Fáskrúðs-firði.
Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.
Framkvæmdastjórn: Þorsteinn Bjarnason.
Prókúruumboð: Pálína Ósk Bragadóttir og Þorsteinn Bjarnason.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Guðni Brynjar Ársælsson, kt. 280670-4999, Túngötu 3, 750 Fáskrúðsfirði og Jón Lárus Kjerulf, kt. 040863-4359, Hlíðargötu 57, 750 Fáskrúðs-firði.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er húsasmíði og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6487)

Félagið heitir: **Leiguhúsnæði ehf.**
Kt.: 510302-3970.
Heimili og varnarþing: **Blikanesi 2, 210 Garðabæ.**
*Dagsetning samþykkt*a er: 1. mars 2002.
Stofnendur: Davíð Jack, kt. 250645-2959, Blikanesi 2, 210 Garðabæ og Róbert Jón Jack, kt. 150948-2749, Ármúla 19, 108 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. mars 2002:
Formaður stjórnar: Davíð Jack.
Meðstjórnendur: Róbert Jón Jack.
Varastjórn: Bergdís Ósk Sigmarsdóttir, kt. 150547-2539, Blikanesi 2, 210 Garðabæ.
Firmað rita: Stjórnarmaður ásamt meðstjórnanda.
Framkvæmdastjórn: Róbert Jón Jack.
Prókúruumboð: Davíð Jack og Róbert Jón Jack.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Þórhallur Björnsson, kt. 061253-4919, Brekkubæ 4, 110 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur og útleiga á íbúðum sem langtímaverkefni, bygg-ing, kaup og sala á íbúðarhúsnæði, auk um-sýslu, einnig viðskipti og endurbætur á fast-eignum ásamt lánastarfsemi og öðrum verk-efnum er tengjast starfsemi félagsins.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6488)

Félagið heitir: **Griðland ehf.**
Kt.: 510302-4190.
Heimili og varnarþing: **Hraunbrún 8, 220 Hafnarfirði.**
*Dagsetning samþykkt*a er: 28. febrúar 2002.
Stofnandi: Gísli Rafn Ólafsson, kt. 200369-5649, Hraunbrún 8, 220 Hafnarfirði.
